



---

## STARFSLÝSING

---

**Yfirmaður :** Skólastjóri Leikskólans Eyrarvallar  
**Stofnun / deild** Leikskólinn Eyrarvellir Neskaupstað

### 1. Stjórnskipun, ábyrgð, markmið og meginviðfangsefni

Yfirmatráður er starfsmaður Fjarðabyggðar og starfar undir stjórn leikskólastjóra. Yfirmatráður skal gegna starfinu samkvæmt leikskólalögum, reglugerðum, starfslýsingu, kjarasamningum og starfsmannastefnu Fjarðabyggðar, eftir því sem við á. Hann er þátttakandi í uppeldisstarfi skóla. Hann skal hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum og hafa skólareglur í heiðri. Hann sýnir nemendum skóla gott fordæmi, er jákvæður, traustur og samkvæmur sjálfum sér.

### 2. Helstu verkefni

#### 2.1. Almenn

- Almenn störf í eldhúsi
- Stýra skipulagningu á starfi mótuneytis skólamiðstöðvar í samráði við skólastjóra.
- Skipuleggja máltíðir dagsins og einnig að gæta þess að fjölbreyttni og hollusta sé lykilatriði til árangurs – hluti af því er að gera matseðla og pöntunarlista.
- Öll innkaup á hráefni sem afgreidd eru beint til mótuneytis og taka á móti vörum og gæta þess að reikningar séu réttir og koma þeim til skólastjóra.
- Eldhús og búr séu hrein og snyrtileg

#### 2.2. Þjónusta

- Þjónusta við nemendur og starfsfólk leikskólans.

#### 2.3. Samskipti

- Við nemendur og starfsfólk leikskólans.

#### 2.4. Önnur verkefni

- Önnur verkefni sem matráður og skólastjóri fela honum og skilgreind eru á ábyrgðarsviði hans.
- að sinna þörfum þeirra sem hafa ofnæmi og óþol gegn einhverjum mat

### 3. Hæfni- og samstarfsmarkmið

#### 3.1. Menntun

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Kunna vel til verka í matseld og hafa sótt nám/námskeið í næringarfræðum eða annað sem tengist starfinu.
- Reynsla af starfi með börnum.



### 3.2. Hæfnispættir

- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Fjarðabyggð \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
Yfirmaður

\_\_\_\_\_  
Starfsmaður